

Nd.

683. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysaftryggingu sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrri málsl. 1. gr. laganna orðist þannig:

Skylt skal að tryggja fyrir slysum af völdum ófriðar skipshafnir á öllum íslenskum skipum fjögurra rúmlesta (brúttó) og stærri.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnurekendum og öðrum þeim, er bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, skal skylt, auk hinnar lögboðnu tryggingar samkvæmt áður nefndum lögum, að kaupa sérstaka stríðs-tryggingu fyrir skipshafnir þær, sem sigla á svæðum þeim, sem ákveðin hafa verið samkvæmt 1. gr.

Tryggingu þá, er um ræðir í 1. málsgr., skal skylt að kaupa hjá Stríðstryggingarfélagi íslenskra skipshafna. Lætur félagið hana í té á eigin ábyrgð, að svo miklu leyti sem því er það fært að dómi félagsstjórnar, en ella með endurtryggingu, sé hún fáanleg. Nú er endurtrygging eigi fáanleg hjá vátryggingarfélagi, og ábyrgist þá ríkissjóður það, sem á kann að vanta fulla tryggingu, gegn iðgjaldi, er ríkisstjórnin ákveður.

Fiskiskip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og sigla ekki milli landa, greiða í iðgjald frá 1. jan. 1941 að telja 4 krónur fyrir hvern tryggðan skipverja á viku, en ríkissjóður greiðir afgang iðgjaldsins. Uppbót (bonus), sem þessum skipum kann að tilfalla, gengur fyrst og fremst til endurgreiðslu á framlagi ríkissjóðs.

3. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið 3. gr. laganna, er útgerðarmönnum farskipa skylt að tryggja alla skipverja fyrir jafnháum upphæðum og í téðri lagagrein segir, og skal þeim varið til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélagum til tryggða sjálfs eða þeirra aðstandenda hans, sem bætunnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur eftirlaun, er hlutaðeigandi kann að eiga rétt á.

Sama skylda hvílir og á útgerðarmönnum annarra skipa en farskipa, ef þau sigla til útlanda, enda fer um trygginguna að öðru leyti á sama hátt sem um farskip væri að ræða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.